

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2001

frá 23. febrúar 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2000 frá 30. nóvember 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/40/EB frá 26. júní 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um undirakstursvörn að framan fyrir vélknúin ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) í I. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0040:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/40/EB frá 26. júní 2000 (Stjtið. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 45, 15.2.2001, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 8, 15.2.2001, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/40/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.